

# Grindvíkingur

Góðan daginn, Grindvíkingur!

Gott er veðrið, sléttur sær.

Svífa í hillung Suðurnesin.

Sólarroða á Hlíðar slær.

Fyrir handan hraun og tinda

huga kær og minnarík

bíður okkar bernskuströndin,

brimi sorfi, Grindavík.

Við skulum yfir landið líta,

liðnum árum gleyma um stund,

láta spurul unglingsaugu

aftur skoða strönd og sund.

Sjá má enn í Festarfjalli

furðuheima dyragátt,

Þorbjörn klofnu höfði hreykja

himin við í norðurátt.

Ljóð er eftir Örn Arnarson

Lag er eftir Sigvalda Kaldalón